

## 1. Inngangur

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er háskóla heimilt, með samþykki háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að eiga aðild að hlutafélögum, sjálfseignarstofnunum eða félögum með takmarkaða ábyrgð ef starfsemi þeirra samrýmist þeim markmiðum sem háskólanum eru sett og aðild þjónar hagsmunum hans. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum en getur veitt fræðisviði, stofnun eða öðrum aðila innan háskólans umboð til að fara með hlutinn.

Það er markmið Háskóla Íslands að stuðla að hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna til góðs fyrir samfélagið. Ein leið við hagnýtingu er stofnun sprotafyrirtækja.

Háskóli Íslands hefur stofnað félagið *Sprotar - eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf.* til að fara með eignarhald og umsýslu með eignarhlutum og hlutafé í rannsóknar- og srotafyrirtækjum sem Háskóli Íslands hefur aðkomu að, sbr. lið 5.16 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2022. Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn, tilnefndum af rektor Háskóla Íslands og staðfestum af háskólaráði Háskóla Íslands.

## 2. Aðkoma Háskóla Íslands að srotafyrirtækjum

Starfsmaður Háskóla Íslands skal senda Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala tilkynningu um fyrirhugaða stofnun srotafyrirtækis sem hefur það að markmiði að vinna að þróun og markaðssetningu rannsókna sem orðið hafa til innan Háskóla Íslands.

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala tekur afstöðu til þess hvort starfsemi srotafyrirtækisins samrýmist þeim markmiðum sem háskólanum eru sett og aðild þjóni hagsmunum hans.


## 3. Eignarhlutur

Eignarhlutur Eignarhaldsfélags Háskóla Íslands í srotafyrirtækjum sem stofnuð eru með aðkomu Háskóla Íslands skal almennt ekki vera lægri en 10%. Þegar um er að ræða srotafyrirtæki sem stofnað er með aðkomu Háskóla Íslands og Landspítala skal miðað við að eignarhlutur stofnananna verði samanlagt að lágmarki 10%. Framlag stofnananna fellur að jafnaði undir annað verðmæti en reiðufé.

## 4. Nytjaleyfi á uppfinningu/nýjung

Starfsmönnum Háskóla Íslands ber að tilkynna Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala um einkaleyfishæfar uppfinningar og aðrar nýjungar sem þeir koma fram með í starfi, sbr. starfsreglur nefndarinnar og lög um uppfinningar starfsmanna. Ákveði starfsmaður að stofna fyrirtæki með aðkomu Háskóla Íslands og vinna að þróun og markaðssetningu uppfinninga/nýjunga sem til hafa orðið innan Háskóla Íslands gerir Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala einkanytjaleyfissamning (exclusive license agreement with the right to sublicense) gegn sanngjarnri þóknun, við fyrirtækið.

Í nytjaleyfissamningi á einkaleyfi kemur m.a. fram að fyrirtækið taki við umsjón einkaleyfis og greiði allan tengdan kostnað, þ.m.t. kostnað við umsóknarferli einkaleyfa, veitingu einkaleyfa, árgjöld og kostnað við að verja einkaleyfið fyrir einkaleyfayfirvöldum eða dómstólum, eftir undirritun samnings. Háskóli Íslands mun hafa rétt á að nýta uppfinninguna í rannsóknarstarfi og geta hennar í kennslu þegar leynd hefur verið afnumin.

 <b>HÁSKÓLI ÍSLANDS</b>	<b>Aðkoma HÍ að sprota- og rannsóknarfyrirtækjum</b> <b>Verklagsreglur</b>	Bls. 2 af 3 Ábm. Vísinda- og nýsköpunarsvið Samþykktar í háskólaráði 5. maí 2022 Málsnr: HI22050043
---	---	---

Tekjur af nytjaleyfissamningi skiptast á milli starfsmanns og Háskóla Íslands líkt og segir í starfsreglum Hugverkanefndar.

## 5. Starfsmenn

Starfsmaður sem stofnar sprotafyrirtæki með aðkomu Háskóla Íslands fær tækifæri til að vinna að uppbyggingu fyrirtækisins í starfi sínu, í samráði við forseta fræðasviðs og í samræmi við reglur um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands nr. 1096/2008.

## 6. Aðstaða og þjónusta

Sprotafyrirtækið fær að nýta aðstöðu og tækjabúnað hjá Háskóla Íslands sem starfsmaður hefur aðgang að, að því marki sem sviðsforseti samþykkir. Sprotafyrirtæki greiðir að jafnaði ekki leigu og aðstöðugjald fyrstu þrjú árin, enda mun hlutur Háskóla Íslands í félaginu endurspegla þá ráðstöfun, en Háskóla Íslands er heimilt að endurskoða ákvörðunina í samræmi við vöxt félagsins. Háskóli Íslands ábyrgist ekki að viðhalda tækjabúnaði og aðstöðu sem sprotafyrirtækið hefur aðgang að.

Starfsmenn sprotafyrirtækisins verða að hafa nauðsynlega þjálfun og þekkingu til að nota tækin. Sprotafyrirtækið skal tryggja og bera ábyrgð á starfsmönnum sínum og tækjum, fáist samþykki fyrir því að geyma þau í aðstöðu Háskólans. Sprotafyrirtækið skal kaupa fyrir eigið fé sérhæfða rekstrarvöru og efni fyrir sína starfsemi.

Sprotafyrirtækið skal taka tillit til hagsmuna annarra starfsmanna/nemenda sem þurfa að nota aðstöðu og/eða tæki í störfum/verkefnum sínum. Ef árekstrar koma upp varðandi notkun á sameiginlegri aðstöðu mun forseti fræðasviðs stýra notkun á aðstöðu og tækjum. Notkun tækja vegna kennslu í BS-, MS- og doktorsnámi gengur þó ávallt fyrir.

Sprotafyrirtækið fær aðgang að þjónustu sem vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands veitir sprotafyrirtækjum skólans á hverjum tíma, í samræmi við útgefnar leiðbeiningar.


## 7. Samstarf milli Háskóla Íslands og sprotafyrirtækis

Háskóli Íslands gerir ekki tilkall til rannsókna starfsmanna Háskóla Íslands sem eiga sprotafyrirtækið, á grundvelli laga um uppfinningar starfsmanna og starfsreglna Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala ef rannsóknir falla undir starfsvið fyrirtækisins og eru að fullu fjármagnaðar af sprotafyrirtækinu.

Hvað varðar annað rannsóknarsamtarf þá hefur sprotafyrirtækið fyrsta rétt á nytjaleyfissamningi við Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala, gegn sanngjörnu endurgjaldi, þar sem starfsmenn HÍ eru tilgreindir uppfinningamenn á uppfinningum/einkaleyfisumsóknum. Tilkynna ber Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala um uppfinningar sem starfsmenn kunna að gera í starfi sínu fyrir Háskóla Íslands og eru liður í samstarfinu.

## 8. Hagsmunaárekstrar

Sprotafyrirtækið og starfsmaður Háskóla Íslands skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á eignarrétt uppfinninga annarra starfsmanna og

 <b>HÁSKÓLI ÍSLANDS</b>	<b>Aðkoma HÍ að sprota- og rannsóknarfyrirtækjum</b> <b>Verklagsreglur</b>	Bls. 3 af 3 Ábm. Vísinda- og nýsköpunarsvið Samþykktar í háskólaráði 5. maí 2022 Málsnr: HI22050043
---	---	---

doktorsnemenda HÍ. Slíkir hagsmunaárekstrar gætu einkum komið fram við aðkomu starfsmanna fyrirtækisins að rannsóknum starfsmanna og doktorsnemenda HÍ.

Starfsmenn fyrirtækisins sem óska eftir að starfa með (öðrum) starfsmönnum eða doktorsnemendum HÍ að tilteknu rannsóknaverkefni skulu áður en sameiginleg rannsókn eða annað samstarf hefst gera viðkomandi starfsmönnum og doktorsnemendum háskólans grein fyrir tengslum þeirra við fyrirtækið og undirrita samning sem kveður m.a. á um eignarrétt á rannsóknarniðurstöðum og hagnýtingarrétt. Uppfinningar sem koma út úr slíku samstarfi ber að tilkynna til Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala sem verður þá eftir atvikum samningsaðili við fyrirtækið m.a. um hagnýtingarrétt.

Ef upp koma aðstæður sem leiða til eða eru líklegar til að leiða til hagsmunaárekstra skal tafarlaust upplýsa forseta fræðasviðs um það skriflega. Fyrirtækið og frumkvöðlar skuldbinda sig til að grípa tafarlaust til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir árekstra.

## 9. Trúnaður

Starfsmenn sprotafyrirtækis skulu gæta trúnaðar um rannsóknir og þróunarstarf annarra starfsmanna Háskóla Íslands sem þeir verða áskynja, og mega á engan hátt nýta sér slíka þekkingu án samráðs og skriflegs samþykkis.

## 10. Nemendur

Sprotafyrirtækinu er heimilt að ráða nemendur í grunn- og framhaldsnámi til afmarkaðra verkefna. Slíkir nemendur eru á ábyrgð fyrirtækisins.

## 11. Kynning á samstarfi

Háskóla Íslands er heimilt að fjalla um og kynna fyrirtækið sem eitt af sprotafyrirtækjum og samstarfsaðila skólans. Þá er fyrirtækinu heimilt að nota nafn Háskóla Íslands á þann hátt að Háskólinn sé kynntur sem einn af eigendum og samstarfsaðilum fyrirtækisins, enda sé það raunin. Þess skal gætt að hvers kyns kynning á samstarfi aðila sé fallin til þess að auka veg fyrirtækisins og Háskóla Íslands.

## 12. Starf sprotafyrirtækis

Sprotafyrirtækið skal starfa í samræmi við gildandi lög og reglur, m.a. um færslu bókhalds og meðferð fjármuna. Starfsmanni Háskóla Íslands er óheimilt að nýta rannsóknareikning sinn til að greiða kostnað er tengist fyrirtækinu.

Háskóli Íslands ber ekki ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins og ber ekki skylda til að leggja fram fjárframlög við hlutafjárukningu í tengslum við uppbyggingu þess. Háskóli Íslands gerir almennt ekki kröfu um stjórnarmann.

## 13. Ábyrgð

Sprotafyrirtækið ber alfarið ábyrgð á starfsemi félagsins sem er óviðkomandi Háskóla Íslands, að undanskildum nemendaverkefnum og samstarfsverkefnum sem samið er um sérstaklega.